

Minnisblað

Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð / Borgarráð

Sendandi: Borgarsögusafn Reykjavíkur og sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Borgarsögusafn Reykjavíkur (og áður Minjasafn Reykjavíkur) hefur frá árinu 2005 haft afnot af húsnæði við Köllunarklettsveg 4, undir fjargeymslur safnsins. Eignaskrifstofa hefur haldið utan um samninga við eigendur húsnæðisins.

Nú er komið að því að rýma húsnæðið, því eigendur hyggjast ekki framlengja núverandi samning. Var það ljóst á síðasta ári að samningar myndu ekki verða framlengdir og hófst þá leit að nýju og hentugu húsnæði. Aðstæður við Köllunarklettsveg stóðust enda ekki þau viðmið sem safninu ber að fylgja, samkvæmt gæðastöðlum Safnaráðs, sem hefur eftirlit með faglegu starfi íslenskra safna. Auk þess var rýmið þegar orðið of lítið miðað við safnkostinn sem þar er varðveittur og þá ber að hafa í huga að með sameiningu safna árið 2014 jókst safnkosturinn verulega, ekki síst það sem snýr að sjóminjum. Í janúar kom upp sú staða að þak húsnæðisins lak og mátti litlu muna að verulegar skemmdir yrðu á viðkvæmum safnkosti. Þess ber að geta að Borgarsögusafn hefur sett afar stífa söfnunarstefnu og er eitt safna á Íslandi sem hefur fengið samþykka grisjunarstefnu. Því er öll söfnun á vegum safnsins afar vel ígrunduð og markviss. Engu að síður bætist stöðugt við safnkostinn og nú síðast hluti af skólaminjasafni Austurbæjarskóla.

Það er ljóst að nú er komið að vatnaskilum í varðveislumálum Borgarsögusafns, en í greinargerðum safnstjóra sl. 5 ár, um skuldbindingar og áhættu er safnið varðar, hefur einmitt verið bent á þessa yfirvofandi stöðu, það er að safnið þurfi stærra og betra húsnæði fyrir safnkostinn. Trygg varðveisla hans er einmitt grundvöllur starfsemi safnsins og fjöregg.

Eignaskrifstofa hefur í samstarfi við safnið leitað víða að hentugu húsnæði síðustu vikur og loks fannst slíkt, við Koparsléttu á Esjumelum, sem hentar afar vel. Borgarsögusafn á ekki í önnur hús að venda með dýrmætan safnkost sinn, fjölbreyttar menningarminjar sem því hefur verið falið að varðveita.

Hér er óskað eftir samþykki menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs og borgarráðs að ganga til samninga um leigu húsnæðisins til næstu 15 ára og mæta jafnframt þeim kostnaði sem hlýst af flutningum safnkostsins, frágangi húsnæðis (einskiptiskostnaður) og leigu. Sjá nánar í fylgigögnum minnisblað FAS23020024.

Guðbrandur Benediktsson og Gerður Róbertsdóttir, Borgarsögusafni Reykjavíkur
Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri menningar- og íþróttaráðs

**Nýtt varðveisluhús fyrir Borgarsögusafn Reykjavíkur
FORSENDUR**

- Hlutverk Borgarsögusafns Reykjavíkur er að varðveita, rannsaka og miðla sögu Reykjavíkur og menningu.
- Safnið varðveitir um 35 þúsund lausa muni auk húsa og báta/skipa.
- Safnið leitar nú eftir viðeigandi húsnaði til að varðveita og vinna með safnkostinn.
- Núverandi húsnaði er ófullnægjandi, það uppfyllir ekki kröfur og er auk þess of lítið.
- Húsrýmisþörf er áætluð um 800 - 1000 fm.
- Borgarsögusafn er viðurkennt safn, stærsta byggða- og húsasafn landsins.
- Safnaráð gerir kröfur til varðveisluhúsnaðis, sjá Handbók þjms varðandi kröfur um gerð varðveislurýma og öryggi safngripa:
<https://www.thjodminjasafn.is/media/fraedsla/Handbok-varðveislu-safnkosts-bind1-2019.pdf>
- Æskilegt að hafa rýmið tvískipt, grófari munir (innkeyrsla/hleðsludyr) – viðkvæmari munir.
- Öryggi safnkosts þarf að vera tryggt með tilliti til innbrota- og brunavarna, umhverfisaðstæðna og meindýravarna.
- Greiður aðgangur þarf að vera að hleðsludyrum fyrir flutningabíla.
- Varðveislurýmið þarf því að vera búið góðum brettahillum úr stáli auk gólfpláss fyrir bíla, báta og stærri vélar.
- Huga þarf sérstaklega að jarðskjálftavörnum og öryggi safngripa.
- Aðstaða þarf að vera til að hlaða rafmagnslyftara, (aflokað rými vegna brunahættu).
- Borgarsögusafn Reykjavíkur varðveitir töluvert af stórum hlutum, meðal annars tvo gamla slökkvibíla, báta og frystihúsabíl auk stórra prentvéla.
- Safnið varðveitir einnig ómetanleg handgerð módel af Reykjavík frá ýmsum tímum auk stærri og smærri muna sem allir tengjast sögu Reykjavíkur og menningu – og eru bæði ómetanlegir og óbætanlegir.